

Eyðublað

Eyðublöð - heimilislæknir óvart settur sem sjálfgefinn viðtakandi á læknabréfum

SAG-8894

Heimilislæknir var óvart settur sem sjálfgefinn viðtakandi á eyðublöðum „(er) Bréf og greinargerðir #75“, „(or) Hjúkrunarbréf #85“, „(er) Slysadeildarbréf - enskt #297“, og „Innlagnarbeiðni á Reykjalund #347“. Búið er að laga þessi blöð þannig að heimilislæknir er ekki lengur sjálfgefinn viðtakandi.

Eyðublað - Bráðamóttökuskrá #418

SAG-8920

Villa sem kom upp þegar verið var að sækja lífsmörk einstaklings í Bráðamóttökuskrá hefur verið löguð.

Heilsugátt (gaHeilsugatt)

Aukagluggi - Heilsugátt

SAG-8863

Nú er hægt að stilla hvort Heilsugátt eigi að uppfærast sjálfkrafa þegar skipt er um sjúkling eða hvort notandi þurfi að ýta á hnapp til að sækja gögn líkt og gert hefur verið fyrir Textasýn í Aukaglugga Sögu.

Þessi virkni stjórnast af stilligildi 175 líkt og Textasýnarflipinn og hefur lýsingin á stilligildinu verið uppfærð þannig að hún tiltaki að stilligildið eigi við Aukaglugga Sögu sem heild en ekki bara Textasýn.

Ef kveikt er á stilligildi 175 þá uppfærast Aukagluggi Sögu ekki sjálfkrafa. Það kemur í veg fyrir óþarfa álag í Sögu.

MedSys (Tenging)

MedSys

SAG-8518

Staðfestingagluggi birtist ef að ógild gögn eru send frá MedSys. Þar getur notandi fjarlægt þau gögn sem eru ógild.

MedSys

SAG-8668

Nú er hægt að skrá greiningu á samskiptaseðla í gegnum MedSys.

MedSys - Lumina

SAG-8915

Nú er hægt er að bæta lyfseðlum og greiningum við samskipti í gegnum MedSys.

Almennt í Sögu

Ef upp kemur villa í netsamskiptum

SAG-8910

Ef villa kemur upp í netsamskiptum á meðan verið er að skipta um einstakling á nú að vera tryggt að einstaklingur í sjúklingaborða sé sá sami og í eyðublaðatrénu. Villuboð birtast samt sem áður.

Viðhengi (gaAttachments)

Viðhengi

SAG-8960

Löguð var villa þar sem ekki var alltaf hægt að henda skrá strax eftir að hún er sett sem viðhengi inn í Sögu.